

Reykjavík 5. október 2020

Efni: Takmörkun – Íþróttastarf fullorðinna

Takmörkun á íþróttastarfi fullorðinna tekur gildi 5. okt 2020 gildir til 19.október en aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum.

Sundlaugar og líkamsræktarstöðvar

Sundstöðum verði leyft að hafa opið en tryggt verði að gestafjöldi sé aldrei meiri en 50% af leyfilegum hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi.

Sé hámarksfjöldi gesta ekki skráður í starfsleyfi skal miða gestafjölda við 50% þess fjölda sem fataskiptarými gerir ráð fyrir.

Börn fædd árið 2005 og síðar eru ekki talin með í gestafjölda.

Sameiginlegi snertifletir verði sóttheinsaðir a.m.k. einu sinni á dag.

Leiðbeiningar um sund og baðstaði eru enn í gildi og eru að finna [hér](#).

Æfingar og keppnir

Keppnisíþróttir með snertingu verði leyfðar með hámarksfjölda 50 einstaklinga að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Sérsambönd ÍSÍ geri reglur um framkvæmd æfinga og keppni í sínum greinum.
- Reglurnar verði unnar í samvinnu við ÍSÍ sem leitar sérfræðiráðgjafar hjá sóttvarnalækni
- Eins metra nándartakmörkun verði virt í búningsklefum og öðrum svæðum utan keppni og æfinga skv. reglum hvers sérsambands ÍSÍ
- Aðrir, meðal annars þjálfarar, starfsmenn og sjálfboðaliðar, skulu ávallt gæta að nálægðar-takmörkunum
- Óheimilt er að hafa áhorfendur á íþróttaviðburðum innandyra.
- Heimilt er að hafa áhorfendur á íþróttaviðburðum utandyra að uppfylltum sömu skilyrðum og í 7. mgr.
- Keppnisáhöld skulu sótthreinsuð eftir hverja notkun eins og kostur er með hliðsjón af eðli íþróttar-innar.
- Íþróttir sem ekki eru innan ÍSÍ njóti sömu leiðbeininga og sambærilegar íþróttir innan ÍSÍ.
- Í starfsemi þar sem notaður er sameiginlegur búnaður, svo sem í íþróttastarfi skal búnaður sótt-hreinsaður eftir hverja notkun.

Leiðbeiningar fyrir íþróttamannvirki eru enn í gildi og eru að finna [hér](#).